

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar, sem samþykkt var af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hinn 11. mars 2008 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 16. júní 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

Baldur Guðlaugsson.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Skagafjarðar. Hann er í eigu sveitarfélaganna Skagafjarðar og Akrahrepps og fara þau með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Skagafirði. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná m.a. með því:

- að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna,
- að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu,
- að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi,
- að búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist,
- að gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun,
- að styðja kennara skólans til tónleikahalds.

3. gr.

Sveitarstjórnirnar ráða skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og aðstoðarskólastjóra að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn.

4. gr.

Heimilt er að ráða aðstoðarskólastjóra til starfa, með aðsetur í Varmahlíð og á Hofsósi. Skólastjóri skiptir verkum með sér og þessum starfsmönnum og leggur starfslýsingar þeirra fyrir skólanefnd til samþykktar.

5. gr.

Kennarafundur er skólastjórnendum til ráðuneytis um starf skólans. Kennarafundi skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári.

Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá og tilnefnir fundarstjóra og ritara sem færir gjörðabók kennarafunda. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi. Skylt er stundakennurum að sækja fundi ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Skylt er að halda kennarafundi ef minnst 1/4 hluti fastra kennara æskir þess.

6. gr.

Stofna má foreldrafélög við deildir skólans. Formenn allra foreldrafélaga mynda foreldraráð sem getur tilnefnt einn fulltrúa á kennarafundi með málfrelsi og tillögurétt um innri málefni skólans. Á sama hátt má stofna nemendafélög sem geta myndað nemendaráð.

7. gr.

Starfstími tónlistarskólans skal fylgja skóladagatali grunnskóla á starfssvæði sínu eftir því sem við verður komið. Leyfi yfir starfstímann, viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.

8. gr.

Rekstur skólans skal kostaður með fjárveitingum á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna og skólagjöldum nemenda.

Skrifstofa Sveitarfélagsins Skagafjarðar annast greiðslur launa og rekstrarreikninga svo og bókhald fyrir tónlistarskólann.

9. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórnunum að fengnum tillögum frá skólanefndum.

10. gr.

Fjárhagsáætlun fyrir Tónlistarskólann er gerð á sama tíma og fjárhagsáætlanir annarra stofnana sveitarfélaganna og eftir sömu reglum og þeim eru settar.

11. gr.

Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um ástundun, árangur og umgengni nemenda. Reglurnar skulu settar að fenginni umsögn kennarafundar, foreldraráðs og þurfa samþykki skólanefndar.

12. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af sveitarstjórnnum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps.